



Stjórnarfundur í Þyt, haldinn 5. Des. 2019.

Mættir: Gunnar Geir Halldórsson, Hörður Páll Guðmundsson, Magdalena Ásgeirsdóttir, Gunnar Freyr Gunnarsson, Árni Geir Þórmarsson, Friðrik Hafberg og Árni Þór Hilmarsson.

1. Gunnar Geir lagði fram drög að samkomulagi hafnarinnar og Þyts um nýtingu og gjaldtökur af flotbryggjum. Drögin hafa nú þegar verið samþykkt í hafnarstjórn. Stjórn Þyts samþykkir drögin. Formanni falið að klára samninginn.
2. Rammaskipulag hafnarsvæðis. Ekki búið að samþykkja skipulagið. Stjórn samþykkir að fela fulltrúum Þyts í aðstöðunefnd þyts að skipa fulltrúa í fyrirhugaðri nefnd um málið.
3. Gunnar Geir ræddi greiðslur frá tryggingarfélagi vegna skemmda á gæslubáti og uppfræddi stjórnina um stöðu mála.
4. Gjaldkeri gerði grein fyrir fjárhagsstöðu Þyts. Í sjóði er nú tæp 6 og hálf milljón.
5. Gunnar Geir ræddi möguleg kaup á öryggisbáti á kerru og lagði fram tilboð þess efnis upp á ca25000 evrur + flutning og 60 hp utanborðsmótor innifalinn. Tillaga samþykkt og formanni falið að vinna málið.
6. Tímasetning aðalfundar rædd. Stefnt skal að því að halda fundinn í lok janúar eða byrjun febrúar.
7. Gjaldkeri tilkynnti að rafmagnsreikningar yrðu sendir út bráðlega. Einnig að verið væri að afla upplýsinga til að innheimta geymslugjöld kayaka.
8. Stjórn ræddi og samþykkti að bæta síma sem hafði farið í sjóinn við þjálfunarstörf.
9. Formaður tilkynnti að hann hefði ekki innt af hendi samþykkt kaup á ruslageymslu þar sem honum hefði þótt hún of dýr.
10. Gjaldkeri og formaður gerðu grein fyrir tilraun sem gerð var til að fá Þyt til að greiða falskan reikning. Tilraunin mistókst og Þytur varð ekki fyrir búsifjum af málinu.

Fundinn ritaði Árni Hilmarsson

Gunnar Geir Halldórsson formaður

Siglingaklúbburinn Þytur stofnaður 19. apríl 1975